

M-1/2019. Álit 2. september 2019 – Endurupptaka á M-31/2018

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-1/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. apríl 2018 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi festi kaup á notaðri bifreið af seljanda þann 24. október 2014. Ágreiningur aðila lýtur að því að álitsbeiðandi telur bifreiðina hafa verið haldna galla við söluna en seljandi hefur ekki fallist á sjónarmið álitsbeiðanda. Nefndin lauk málinu þann 28. desember 2018 með álit nr. M-31/2018. Var álitsbeiðninni þar vísað frá á þeim grundvelli að álitsbeiðandi hafði ekki orðið við beiðni nefndarinnar um að senda inn gögn til stuðnings kröfu hans í málinu. Hinn 2. janúar 2019 óskaði álitsbeiðandi eftir endurupptöku málsins á þeim forsendum að málinu hafi ranglega verið vísað frá. Álitsbeiðandi kveðst hafa sent nefndinni umbeðin gögn en þau ekki borist til nefndarinnar.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 2. janúar 2019, tilkynnti kæruneftndin aðilið hefði verið endurupptekið og sendi gögn málsins til seljanda. Var seljanda veittur tveggja vikna frestur til að koma athugasemdum eða frekari gögnum að í málinu. Þann 2. apríl 2019 voru gögn málsins send til seljanda í annað sinn og honum boðið að koma athugasemdum sínum að í málinu. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á notaðri bifreið af gerðinni Ford Fiesta af seljanda þann 25. október 2014. Bifreiðin er árgerð 2014 en henni hafði verið ekið 24.415 km. við kaupin. Kaupverðið var 2.190.000 krónur. Í mars árið 2018 bilaði bifreiðin en þá hafði henni verið ekið tæplega 60.000 km. Bilunin varð í kúplingu bifreiðarinnar en samkvæmt gögnum málsins hefur nú verið skipt um kúplingslegu, blöðkur í kúplingshúsi og kúplingu vegna bilunarinnar. Var kostnaður viðgerðarinnar 600.000 krónur og greiddi seljandi helming kostnaðarins.

Álitsbeiðandi telur að umrædd bilun sé óeðlileg og ekki geti staðist að íhlutur bifreiðar endist í svo skamman tíma. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að greiða allan viðgerðarkostnað með vísan til 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neyendakaup.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreið af gerðinni Ford Fiesta, árgerð 2014, þann 25. október 2014 fyrir 2.190.000 krónur. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 24.415 km. Um það bil þremur árum og fjórum mánuðum síðar bilaði kúpling bifreiðarinnar og var viðgerðarkostnaður samtals að fjárhæð 600.000 krónur. Bifreiðinni hafði þá verið ekið rúmlega 60.000 km. Álitsbeiðandi greiddi sjálfur helming kostnaðarins, 300.000 krónur, en krefst þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðina að fullu.

Ákvæði 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) mælir fyrir um tilkynningarfreist vegna galla á söluhlut. Ákvæðið er svohljóðandi:

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma. Frestir skv. 1. og 2. málsl. eiga ekki við ef um er að ræða galla skv. g-lið 2. mgr. 15. gr.

Niðurstaða í máli þessu ræðst fyrst og fremst af því hvort frestir til að bera fyrir sig galla á kúplingu bifreiðarinnar hafi verið liðnir þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla þremur árum og fjórum mánuðum eftir kaupin. Samkvæmt framangreindu ákvæði er frestur neytanda til að bera fyrir sig galla alla jafna tvö ár, nema að söluhlut eða íhlutum hans sé ætlaður „verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“, en í þeim tilvikum er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár. Íhlutum bifreiða er ætlaður mislangur endingartími, enda eru sumir þeirra slithlutir sem þarf að endurnýja við eðlilegt viðhald á meðan unnt er að vænta þess að aðrir íhlutir endist mun lengur.

Í gögnum málsins kemur fram að í bifreið álitsbeiðanda hafi verið skipt um kúplingslegu, blöðkur í kúplingshúsi og kúplinguna sjálfa vegna bilunar. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur í álitum sínum talið að tilkynningarfrestur vegna galla í kúplingu og tengdra íhluta fari eftir því hvort um slithlut er að ræða. Þar hafa atriði eins og umhverfisþættir, notkun og almenn umhirða áhrif á endingu. Nefndin hefur litið svo á að kúplingslega, kúplingsdiskur og kúplingspressa séu slithlutir sem ekki er ætlaður verulegur endingartími en almennt gerist um söluhluti.

Kærunefndin hefur leitað álits sérfræðings til aðstoðar við úrlausn máls þessa samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í áliti sérfræðingsins tekur hann fram að kúpling bifreiða samanstandi af kúplingsdiskum, kúplingspressu, kúplingslegu og stjórnbúnaði. Í nýlegum bifreiðum af gerðinni Ford Fiesta er samkvæmt sérfræðingnum starfandi stjórn tölva, en slík tölva kom fyrst í bifreiðar þeirrar tegundar árið 2012. Tölvan sér um að stjórna virkni girrkassa og kúplingar í stað þess að stjórnin sé í höndum einstaklingsins sem ekur bifreiðinni. Að mati sérfræðingsins á ending kúplingar að vera betri en áður, þegar slík stjórn tölva er til staðar, þrátt fyrir að um slithlut sé að ræða. Að mati sérfræðingsins er líklegasta orsök bilunar í bifreið álitsbeiðanda sú að kúplingspressan, kúplingsdiskar, kúplingslega/legur, gafflar eða búnaður til að stjórna kúplunni, þ.e. stjórn tölvan eða hugbúnaður, hafi bilað. Að auki er þekkt að olfusmit leki frá innöxlum í kúplinguna og valdi truflunum á tenginu aflsins frá vélinni í drifrásina. Telur sérfræðingurinn ekki eðlilegt að slík bilun komi upp í aðeins fjögurra ára gamalli bifreið sem hafði aðeins verið ekin rúmlega 60.000 km. Í ljósi þess að stjórnun kúplingarinnar er framkvæmd af stjórn tölvu en ekki ökumanni bifreiðarinnar er að áliti sérfræðingsins um íhlut bifreiðarinnar að ræða sem á að endast lengur en almennt gerist um söluhluti í skilningi 2. mgr. 27. gr. nkpl.

Kærunefndin telur í samræmi við álit sérfræðingsins að kvörtun álitsbeiðanda hafi ekki verið of seint fram komin og honum sé því heimilt að bera fyrir sig galla á bifreiðinni. Í kaupsamningi og afsali vegna bifreiðarinnar, dags. 25. október 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við.“ Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Í tölvupósti frá starfsmanni seljanda, sem álitsbeiðandi hefur lagt fyrir nefndina, kemur fram að bifreið álitsbeiðanda sé sú þriðja af tæplega 650 sambærilegum bifreiðum sem seljandi hefur selt, sem þarfnast á þessari viðgerð að halda eftir svo skamman tíma. Telur álitsbeiðandi að af því megi ráða að ekki sé um eðlilega endingu að ræða. Álitsbeiðandi bendir sérstaklega á að viðhaldi bifreiðarinnar hafi verið vel sinnt og bifreiðin hafi aðeins verið í eðlilegri notkun sem heimilisbifreið.

Bifreiðin var keypt á 2.190.000 krónur árið 2014, en um fjórum árum síðar bilaði kúpling bifreiðarinnar. Viðgerðin sem framkvæmd var á bifreiðinni var alls að fjárhæð 600.000 krónur og greiddi álitsbeiðandi helming viðgerðarkostnaðar, samtals 300.000 krónur. Endingartími kúplingarinnar var skammur að mati kærunefndarinnar og bifreiðinni hafði aðeins verið ekið 60.000 km. Aðeins fjögur ár liðu frá upphaflegri sölu bifreiðarinnar þar til ráðast varð í umfangsmikla og kostnaðarsama viðgerð á íhlut sem stjórnað er af tölvu en ekki ökumanni bifreiðarinnar. Ætti það að leiða til betri endingar á kúplingunni en í eldri bifreiðum. Að mati kærunefndarinnar, í samræmi við framangreint álit sérfræðings, verður að fallast á

Það með álitsbeiðanda að kúpling bifreiðarinnar hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljanda verði gert að greiða viðgerðarkostnað bifreiðarinnar að fullu, sem líta verður á sem kröfu um skaðabætur samkvæmt 33. gr. nkpl. Með skaðabótum á neytandi að verða eins settur og hann hefði verið ef galli hefði ekki komið upp í söluhlut. Telur kærunefndin að seljanda beri að bæta álitsbeiðanda það tjón sem hann varð fyrir vegna galla í kúplingu bifreiðarinnar. Seljanda ber í samræmi við það að greiða álitsbeiðanda samtals 300.000 krónur.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að greiða álitsbeiðanda, X, 300.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson